

Ársreikningur Húnabyggðar 2025


Það er mikið gleðiefni að kynna nýjan ársreikning Húnabyggðar fyrir árið 2025 þar sem sést að við höldum áfram styrki uppbyggingu sjálfbærra fjármála og reksturs. Árið 2025 var eitt besta rekstrarár í sögu sveitarfélaganna á þessu svæði sem er frábær árangur.

Þetta sýnir svo að ekki verður um villst að sveitarfélagið er á réttri leið og nálgast hægt og rólega þann stað að ná sterkri og sjálfbærri fjárhagslegri stöðu. Það jákvæðasta við þennan viðsnúning er að hann byggir ekki á niðurskurði eða framkvæmdastoppi, þvert á móti hefur innviðaupbygging haldið áfram og fjárfestingar á þessu kjörtímabili sem nú er að líða hafa aldrei áður verið meiri á neinu öðru kjörtímabili.

Það er þó ennþá þannig að það þarf ekki mikið að koma upp á til að hlutirnir breytist mjög hratt. Launahækkunir sem komu í kjölfar kjarasamninga í byrjun árs 2025 höfðu veruleg áhrif á afkomuna og hækkun á lífeyrisskuldbindingum upp á 72 milljónir króna í kjölfar þeirra voru einnig íþyngjandi. Fjárhagsleg sjálfbærni sveitarfélagsins er ekki sterkari en svo að ytri breytingar sem sveitarfélagið stýrir ekki og hafa neikvæð áhrif á afkomuna geta snúið við þeim árangri sem við erum að byggja upp.

Þessi viðkvæmni í rekstrinum er m.a. út af skuldastöðu sveitarfélagsins sem sögulega hefur verið töluvert há, en náði algjöru hámarki á árunum 2019-2022 þar sem mikil skuldsetning Húnavatnshrepps bættist ofan á háa skuldsetningu Blönduóssbæjar. Samhliða allsherjar rekstrartiltekt þar sem framkvæmdastiginu hefur verið haldið háu og skilað hefur verið góðum rekstrarárangri, hafa skulda-hlutfall og skuldaviðmið sveitarfélagsins lækkað hægt og rólega. Skuldaviðmiðið sem skiptir mestu máli og má ekki vera hærra en 150% er nú 96,1% sem er mjög ásættalegt.


Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir þróun vaxtaberandi skulda Húnabyggðar og sveitarfélaganna á svæðinu sem hlutfall af tekjum.



Mynd 1: Vaxtaberandi skuldir sem hlutfall af tekjum í Húnabyggð og fyrrum sveitarfélögum árin 2005-2025.


Þessi staða sem er að teiknast upp hvað varðar fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins er lykillinn að því að ná fjárhagslegri sjálfbærni og í raun sjálfræði í fjárhagslegri ákvarðanartöku. Öðruvísi er mikilvæg uppbygging grunninnviða erfið eða jafnvel ómöguleg.

Ef horft er fyrst á rekstrarafgang Húnabyggðar var hann árið 2025 tæpar 87 milljónir, eða 2,7%, sem er sögulega einn besti árangur sem náðst hefur. Samantekinn hagnaður og/eða tap á yfirstandandi kjörtímabili er í jafnvægi þ.e. hagnaður og tap árunum 2022-2025 núllast út, sem er jákvætt miðað við gríðarlegt tap ársins 2022, sjá mynd 2.



Mynd 2: Hagnaður/tap sveitarfélaga svæðisins síðustu fjögur kjörtímabil.

Hér að neðan má sjá myndræna framsetningu á tekjuafgangi þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Húnabyggð og þar má sjá að árin 2016, 2024 og 2025 eru bestu árin ásamt árinu 2005 sem sker sig mikið úr en þá var hitaveita Blönduóss seld.




Mynd 3: Hagnaður/tap Húnabyggðar og sveitarfélaga sem nú mynda Húnabyggð frá 2005-2025.

Á mynd 3 hér að ofan sést einnig vel hversu erfið árin 2020-2023 voru hvað varðar taprekstur. Ég hef bent á hversu slæmur viðvarandi taprekstur er og það þarf sennilega ekki að útskýra það sérstaklega, en slíkur rekstur endar alltaf með því að það hægist á öllu, framtak sveitarfélagsins minnkar, hlutirnir drabbast niður og innviðaskuldirnar hrannast upp. Í slíku ástandi ríkir stöðnun og/eða hnignun og það er ástand sem við höfum engan áhuga á. Í slíku ástandi getur þurft að grípa til niðurskurðar hjá sveitarfélaginu sem getur haft mjög neikvæð áhrif á mismunandi hátt fyrir íbúana.


Jákvæð rekstrariðurstaða sveitarfélagsins styrkir fjárhagslega sjálfbærni og gefur sveitarfélaginu frelsi til athafna sem er gríðarlega mikilvægt. Sveitarfélagið spilar mikilvægt hlutverk í efnahagskerfi svæðisins t.d. með þeim framkvæmdum og fjárfestingum sem sveitarfélagið stendur fyrir. Stór hluti kostnaðar þessara fjárfestinga fer til fyrirtækja á svæðinu og er því súrefni inn í rekstur ýmissa ólíkra fyrirtækja á svæðinu. Þannig að gangi sveitarfélaginu vel, eru miklar líkur á að fyrirtækjum gangi vel og þá gengur öllum íbúum vel. Sveitarfélagið er einnig einn stærsti vinnustaður svæðisins, sem helgast ekki síst af stærð grunnskólans og leikskólans og spilar því einnig mikilvægt hlutverk sem atvinnu-

veitandi. Útsvarstekjur sveitarfélagsins af opinberri þjónustu eru rúmlega 40% af heildarútsvarstekjum sveitarfélagsins samkvæmt gögnum Hagstofunnar, sjá mynd 4 hér neðan.




Mynd 4: Hlutdeild atvinnugreina í útsvarstekjum Húnabyggðar.

EBITDA hlutfall samstæðunnar er mjög ásættanlegt og verkefnið er að halda þessu hlutfalli eins háu og mögulegt er. EBITDA hlutfallið hefur verið að þróast í rétta átt frá árinu 2023 og er enn á mjög góðum stað. EBITDA ársins 2025 var um 413 milljónir eða 13%, sjá Mynd 5.



Mynd 5: EBITDA hlutfall frá 2005-2025.

EDITDA litast af þáttum eins og sölu eigna og sameiningarframlögum Jöfnunarsjóðs, en sameiningarframlögin koma á móti miklum kostnaði sem hlýst af sameiningarvinnunni og þeirri sérfræðiaðstoð sem við þurfum í þeim breytingum sem enn standa yfir. Sala eigna hefur alltaf verið hluti rekstrarriðurstöðu sveitarfélaganna og er nú um 25% af EBITDA. Þróun EBITDA Húnabyggðar og þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Húnabyggð í milljónum króna má sjá á mynd 6.




Mynd 6: EBITDA í milljónum króna frá 2005-2025.

Sala eigna getur ekki haldið endalaust áfram, þó að rétt sé að muna að sveitarfélagið á ennþá töluvert af fasteignum sem ekki tengjast þjónustu og/eða tilgangi þess með beinum hætti. Dæmi um mjög stóra eign eru t.d. Húnavellir, en það eru einnig aðrar fasteignir sem um er að ræða. Rétt er að taka fram að sala eigna felur ekki í sér sölu á eignum sem sveitarfélagið er með í notkun vegna þjónustu sinnar.


Sameiningarframlögin eru einnig á útleið og hafa lækkað reglulega allt kjörtímabilið og hverfa að lokum 2028. Fjármunirnir sem koma með þessum leiðum inn í reksturinn núna eru notaðir til að einfalda reksturinn og skapa hagræðingu og til þess að vega á móti lántöku vegna fjárfestinga. Til lengri tíma litið þarf annars vegar að ná enn frekari skilvirkni í rekstrinum og minnka þannig kostnað og auka tekjurnar til þess að umrædd fjárhagsleg sjálfbærni náist til langrar framtíðar. Barátta sveitarfélagsins hvað varðar breytingar á orkulögnum er dæmi um aðgerðir til að tryggja framtíðar tekjur sveitarfélagsins og þannig haldast þessar aðgerðir í hendur.

Ánægjulegasta við viðsnúning okkar er eins og áður segir að hann byggist ekki á niðurskurði eða framkvæmdastoppi. Þvert á móti hafa fjárfestingar síðustu ára verið á pari við það sem hæst hefur áður verið og fjárfestingar ársins 2025 hafa aldrei áður verið hærri á einstöku ári hér á svæðinu, sjá mynd 7.




Mynd 7: Fjárfestingar á árunum 2005-2025.

Yfirstandandi kjörtímabil er sögulega það stærsta er varðar fjárfestingar en heildarfjárfesting kjörtímabilsins var u.þ.b. 1.380 milljónir króna.



Mynd 8: Heildarfjárfesting síðustu fjögurra kjörtímabila.


Eins og sést á mynd 8 var síðasta og yfirstandandi kjörtímabil mun stærri hvað varðar fjárfestingu en kjörtímabilin þar á undan. Munurinn á yfirstandandi kjörtímabili og því síðasta er að fjárfestingar yfirstandandi kjörtímabils byggja minna á lántöku sem er mjög mikilvægt. Á mynd 9 má sjá hvernig þróun fjárfestinga hefur verið í gegnum árin með tilliti til lántöku.



Mynd 9: Fjárfestingar á árunum 2005-2025 með tilliti til lántöku.


Ljósbláa svæðið á bak við stöplana á mynd 9 sýnir hvernig þessar fjárfestingar eru fjármagnaðar og hér má greinilega sjá að framkvæmdir á árunum 2018 og 2020-2022 voru nær eingöngu fjármagnaðar með lántöku sem skýrir þá erfiðu stöðu sem Húnaðsbyggð var í við stofnun þess árið 2022. Á árunum 2023, 2024 og 2025 hafa fjárfestingar verið fjármagnaðar með afkomu sveitarfélagsins og lánnum. Þetta er ekkert smáatriði, þetta er algjört lykilatriði í viðsnúningi fjármála sveitarfélagsins.

Veltufé frá rekstri er einn af lykilmælikvörðum sveitarfélaga og segir til um fjárhagslegan styrk þeirra. Veltufé frá rekstri var á árinu 2025 um 306 milljónir og er nú 9,7% af rekstrartekjum en var 11% árið 2024, sjá þróun veltufjár frá rekstri í milljónum króna á mynd 10.



Mynd 10: Veltufé frá rekstri árin 2005-2025.

Þessi mælikvarði útskýrir lausafjárstöðu sveitarfélagsins og lausafjárstaðan hefur batnað verulega eins og sést en í byrjun kjörtímabilsins var sveitarfélagið í erfiðleikum með það að standa í skilum. Veltufjárhlutfallið er nú um 1,03 og hér er verkefnið að vera yfir 1 sem hefur reynst mjög erfitt um langt árabíl, sjá mynd 11.



Mynd 11: Veltufjárhlutfall (án Skagabyggðar) árin 2005-2025.

Árangur ársins 2025 og þessi mikli viðsnúningur sem orðið hefur á kjörtímabilinu er ekki tilviljun eða afleiðing ytri áhrifaþátta. Þvert á móti hafa ytri aðstæður verið mjög krefjandi allt kjörtímabilið með hárra verðbólgu, háum stýrivöxtum og töluverðum launahækkunum á vinnumarkaði. Þessi árangur skrifast á rétta ákvörðunartöku og markvissa vinnu sem unnin hefur verið dag inn og dag út allt kjörtímabilið af starfsfólki sveitarfélagsins. Allir hafa tekið þátt, hver á sinn hátt, og almenn meðvitund um hagsýni hefur verið á dagskrá. Sumir starfsmenn hafa verið vaknir og sofnir yfir fjármálum sveitarfélagsins, aðrir yfir framkvæmdum og allir yfir því að veita íbúum góða þjónustu. Án þess að fara í langa upptalningu þá má nefna dæmi um nokkur risaverkefni sem unnin voru samhliða endurskipulagnigu rekstursins sem eru t.d. tvær sameiningar, slit á þremur byggðarsamlögum og

sameiningar leik- og grunnskóla. Þannig að ekki bara hafa ytri aðstæður verið krefjandi heldur hafa innri aðstæður einnig verið mjög krefjandi á sama tíma.

Samantekið höfum við náð að lyfta grettistaki og þessi árangur okkar er ótrúlega jákvæður!

Fjárhagslegur viðsnúningur í efnahag sem var í molum, gríðarlega erfiðar ytri aðstæður, ennþá erfiðari innri aðstæður og á sama tíma söguleg sókn í fjárfestingum. Engin missti vinnuna, engin niðurskurður, þjónusta var ekki hætt, en tafir urðu þó á grasslætti sumarið 2023 eins og fólki er eflaust í fersku minni. Nú er einhvern veginn allt að gerast, nýtt sex íbúða raðhús komið upp, lágvörverslun og fjölorkustöð á leiðinni, fjöldi starfa á leiðinni inn í sveitarfélagið vegna breytinga og stækkunar gagnaversins, þjónustuaðilar á svæðinu í framkvæmdum, íbúðahús- og gripabyggingar hafa risið, framkvæmdir við fimm íbúða þjónustukjarna fyrir fólk með fötlun að hefjast, ný byggðarlína á leiðinni o.fl. o.fl.

Þetta er bara jákvætt og við höfum náð að setja stoðir undir sjálfbær fjármál Húnabyggðar. Það var ekki markmið mitt þegar ég kom hingað að eyða svona miklum kröftum og athygli í endurskipulagningu fjármála en staðan kallaði á það og þó að þetta hafi verið mjög tímafrekt og á köflum ópakklátt verkefni þá var þetta nauðsynlegt að mínu mati. Ég er framsýnn maður og vöxtur og hagsæld gerist ekki af sjálfum sér eða í fjötrum fjárhagslegra klafa. Forsenda hagvaxtar er að sveitarfélagið getið sinnt sínu hlutverki án þess t.d. að selja mjólkurkýrnar. Þessi fjárhagslega sjálfbærni sem ég hef nefnt hér er lykilatriði, að öðrum kosti erum við ekki „sjálfstæð“ ef svo mætti að orði komast. Sú mikla barátta sem við höfum háð á öðrum vígstöðvum t.d. um orkumálin er síðan liður í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni okkar til langrar framtíðar. Okkur hefur því tekist að taka til, setja stoðir undir hlutina til skemmri tíma litið og einnig að hreyfa við áherslum sem hafa áhrif á framtíðarhagsmuni allra íbúa Húnabyggðar og reyndar einnig allra á okkar svæði.

Það fer vel á því í lokin að þakka starfsfólki Húnabyggðar fyrir ótrúlega þrautseigju, bjartsýni og vilja til að gera vel og veita íbúum góða þjónustu. Hugarfar starfsmanna er grunnurinn að þeim árangri sem við höfum náð. En verandi keppnismaður þá er þetta auðvitað ekkert búið, en það er svo sannarlega ástæða til að staldra við og fagna, tölurnar sýna það, söguleg gögn sýna það. Það blasir við að gríðarlegur árangur hefur náðst, það eru staðreyndir málsins og gögnin eru aðgengileg og skýr.

Að lokum óska ég okkur öllum til hamingju með frábæran árangur og frábæran ársreikning. Áfram jákvæðni í Húnabyggð!

Með góðum kveðjum,

Pétur Arason

Sveitarstjóri Húnabyggðar